

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>00</i>	K/S <i>26.2.18</i>
Ábm.	Svfr.
Afgr. <i>Fundi</i>	( <input type="checkbox"/> Bréf) ( <input type="checkbox"/> St.)
Lvm.	Trm.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Félagsheimilinu Árnesi  
801 SELFOSSI

Kópavogi, 21. febrúar 2018.

**Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2018.**

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárfamlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn **eina** umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ: [www.brunabot.is](http://www.brunabot.is) undir liðnum „Styrktarsjóður“. Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er umsóknarfrestur til aprílloka.

*Vil ég vekja sérstaka athygli á því að stjórн EBÍ hefur samþykkt tvær breytingar á reglunum. Nú er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykkkt á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.*

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélaginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna **sérstakra framfaraverkefna** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku **umsóknareyðublaði**.

Umsóknarfresturinn er eins og fyrr segir til aprílloka.

Allar frekari upplýsingar viðvígjandi styrktarsjóðinn gefa Anna Sigurðardóttir og Þuriður Dan Jónsdóttir. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið [brunabot@brunabot.is](mailto:brunabot@brunabot.is), ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið  
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Anna Sigurðardóttir  
framkvæmdastjóri.